

Stjarnvísindafélag Íslands

The Icelandic Astronomical Society

Dunhaga 3, IS-107 Reykjavík

Sími: 525-4800

Bréfasími: 552-8911

8. nóvember 1999

Próf. Páll Skúlason háskólarektor
Háskóla Íslands
Aðalbyggingu við Suðurgötu

Háttvirtu rektor.

Eins og yður mun kunnugt, hefur sívaxandi ljósmengun í borgum og bæjum valdið því að almenningur fær ekki lengur notið þeirrar mikilfenglegu sýnar sem næturhiminninn er. Að draga úr ónauðsynlegri lýsingu er þáttur í umhverfisvernd, og víða erlendis hafa sprottið upp samtök sem berjast fyrir þessu málefni. Ber þar hæst alþjóðlegu samtökin International Dark Sky Association.

Í tengslum við verkefnið "Reykjavík - menningarborg Evrópu" á næsta ári er fyrirhugað að myrkva borgina eina kvöldstund til að gefa borgarbúum færi á að kynnst stjörnuhimninum. Vonandi verður það til þess að menn leiði frekar hugann að því hvernig takmarka megi óþarfa lýsingu. Á fundum Stjarnvísindafélagsins hefur komið fram sú skoðun, að Háskóla Íslands beri að sýna öðrum gott fordæmi með því að endurskoða allan ljósabúnað á háskólasvæðinu. Er þá sérstaklega átt við óhóflega flóðlýsingu eins og þá sem er við aðalbyggingu Háskólans og Háskólabíó.

Fyrir hönd Stjarnvísindafélagsins beini ég þeim tilmælum til yðar að þér takið þetta mál til athugunar við fyrstu hentugleika.

Virðingarfyllst,



Einar H. Guðmundsson

formaður

Stjarnvísindafélag Íslands

The Icelandic Astronomical Society

Dunhaga 3, IS-107 Reykjavík

Sími: 525-4800

Bréfasími: 552-8911

16. júní 2000

Próf. Páll Skúlason háskólarektor
Háskóla Íslands
Aðalbyggingu við Suðurgötu

Háttvirtu rektor.

Í bréfi sem ég ritaði yður fyrir hönd Stjarnvísindafélagsins hinn 8. nóvember s.l. var fjallað um vaxandi ljósmengun hér á Reykjavíkursvæðinu. Bent var á að Háskóli Íslands gæti sýnt öðrum gott fordæmi með því að endurskoða ljósabúnað á háskólasvæðinu. Þar sem bréfið virðist ekki hafa vakið nein viðbrögð, leyfi ég mér að minna aftur á þetta málefni. Um allan heim eru menn nú að vakna til vitundar um það vandamál sem ljósmengunin er, og víða hefur verið ráðist í úrbætur. Sem dæmi má benda á frétt sem birtist í síðasta hefti tímaritsins *Sky & Telescope* og fylgir hér með í ljósriti. Jafnframt fylgir ljósrit af grein úr tímaritinu *Astronomy and Geophysics* þar sem sagt er frá nýlegri ráðstefnu um vandann frá sjónarhóli stjörnufræðinga.

Það yrði Háskóla Íslands til mikils sóma ef hann hefði forgöngu um það nú á menningarárinu að dregið verði úr oflýsingu í Reykjavík svo að borgarbúar megi njóta fegurðar himinsins með stjörnum hans og norðurljósum.


Virðingarfyllst,

f.h. Stjarnvísindafélags Íslands



Einar H. Guðmundsson

formaður



UNIV. OF NORTH CAROLINA AT CHAPEL HILL / STESCI / UNIV. OF MARYLAND

A Hot Superbubble Bursts from a Galaxy's Core

An eerie mushroom-cloud formation is giving astronomers a new look into the dynamics of explosions at the heart of a galaxy. Gerald Cecil (University of North Carolina, Chapel Hill) and his team used the Hubble Space Telescope to study an enormous shell of gas erupting from the center of NGC 3079, a barred spiral some 50 million light-years away in Ursa Major. The event that formed the bubble released the energy of 2,000 supernovae and resulted in a maelstrom of activity. It may have stemmed either from a burst of star formation at the heart of the galaxy as in the case of M82 (page 20) or from the action of a hot accretion disk surrounding a supermassive black hole. According to Cecil, the main explosion began about a million

years ago. "It has reached the point where the hot gas has burst through the halo of the galaxy," he says. "As it expands, the wind tosses gas from the disk up into the hot stratosphere, where dense filaments then rain back down."

HST's Wide Field and Planetary Camera 2 took this false-color image through special filters. Starlight and dust are shown as green, ionized hydrogen as red, and ionized nitrogen as blue. Cecil's team also studied filamentary streamers within the bubble using a spectrometer on the 3.6-meter Canada-France-Hawaii Telescope at Mauna Kea, Hawaii. Additional spectra from the Chandra X-ray Observatory should help determine the cause of the massive outburst.

→ Darker Skies for the D.C. Area

THE MOVEMENT TO REDUCE LIGHT POLLUTION — to modify or replace glary outdoor light fixtures that send "waste light" sideways and upward into the sky — continues to gain momentum. In the area around Washington, D.C., it is beginning to approach something like critical mass, with a flurry of new laws and practices recently passed or proposed.

Under Washington mayor Anthony A. Williams (an amateur astronomer himself), the city has developed plans to gradually replace polluting lights with energy-saving full-cutoff-shielded fixtures. Vanessa Dale Burns, director of the city's Department of Public Works, says,

"Approximately 40,000 of the 66,000 streetlights in the city will ultimately be replaced with full-cutoff lighting under this policy."

In January the Board of Supervisors of Fauquier County, Virginia, passed a new outdoor-lighting law to reduce the use of polluting fixtures. Fauquier is about 50 miles west of D.C. and is a neighbor of Warren County, which has already enacted such legislation. So have Virginia's Albemarle and Hanover counties.

Just north of D.C., Maryland's Montgomery County is also considering light-pollution controls. In addition Nancy Kopp, a member of the Maryland House

of Representatives, is drafting statewide anti-light-pollution legislation.

Farther west of D.C. is Shenandoah National Park. The National Park Service made efforts to limit light pollution there for the November 1999 Leonid meteor shower and now plans to redesign the park's outdoor lighting system completely to help protect its night skies.

All this activity prompted nearly 20 minutes of prime-time discussion about light pollution on Maryland public television on February 2nd. For more developments, see the Web site of the International Dark Sky Association at www.darksky.org.

Stjarnvísindafélag Íslands
Einar H. Guðmundsson
Dunhaga 3
107 Reykjavík



HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík, 6. júlí 2000

Tilvísun: 99110022/

Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara bréfi yðar dags. 8. nóvember s.l.

Ég hef kynnt mér málið og hefur það m.a verið rætt í háskólaráði. Af öryggisástæðum er talið mjög vafasamt að draga úr lýsingu við Aðalbyggingu Háskólans og Háskólabíó.

Virðingarfyllst

Páll Skúlason
rektor